

Fjárhagsstaða heimilanna 2011

Household finances 2011

Samantekt

Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands 2011 sýnir að 10,2% heimila voru í vanskilum með húsnæðislán eða leigu einhvern tíma á síðastliðnum 12 mánuðum og 12,4% voru í vanskilum með önnur lán. 31,6% heimila töldu húsnæðiskostnað þunga byrði og 15,2% töldu greiðslubyrði annarra lána þunga. Rúmlega helmingur allra heimila átti erfitt með að ná endum saman eða 51,5%. Tæp 40% heimila gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum að upphæð 160 þúsund með þeim leiðum sem þau venjulega nýta til að standa undir útgjöldum. Almennt séð fer fjárhagsstaða heimilanna heldur versnandi milli árána 2010 og 2011. Undantekningin frá því eru vanskil og greiðslubyrði annarra lána en húsnæðislána sem minnkar milli ára.

Við greiningu á heimilissamsetningu kemur fram að einstæðir foreldrar voru helst í fjárhagsvanda. Af einstæðum foreldrum höfðu 18,3% verið í vanskilum með húsnæðislán eða leigu einhvern tíma undanfarna 12 mánuði og 28% í vanskilum með önnur lán. Rúmlega þrjú fjórðu einstæðra foreldra, 78,4%, töldu erfitt að ná endum saman og 67,5% gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum að upphæð 160 þúsund. Barnlaus heimili þar sem fleiri en einn fullorðinn búa stóðu best fjárhagslega.

Pegar horft er til meðalaldurs fullorðinna heimilismanna eru heimili með meðalaldurinn 30–39 ára í mestum erfiðleikum eins og fyrri ár. Árið 2011 höfðu 14,1% slíkra heimila verið í vanskilum með húsnæðislán eða leigu einhvern tíma síðastliðnu 12 mánuði og 39,5% töldu húsnæðiskostnað þunga byrði. Tæp 20% höfðu verið í vanskilum með önnur lán en húsnæðislán og 21,7% töldu greiðslubyrði slíkra lána þunga. Jafnframt áttu heimili 30–39 ára erfiðast með að ná endum saman en 59,4% þeirra töldu það erfitt. Heimili þar sem meðalaldur fullorðinna var lægri en 30 ár eiga erfiðast með að mæta óvæntum útgjöldum en 58,8% þeirra töldu það erfitt. Þar á eftir kemur hópurinn 30–39 ára. Almennt má segja að því hærrí sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga er á heimili, því minni hætta er á fjárhagsvanda.



Helstu niðurstöður

Almennt séð má segja að heimilum sem eiga í fjárhagsvanda hafi fjölgað frá árinu 2008. Þetta sýna myndir 1 og 3. Af mynd 2 má hins vegar sjá að nokkuð dregur úr byrði og vanskilum annarra lána en þeirra sem tengjast húsnæði.

Vanskil húsnæðislána eða leigu

Hafa ber í huga að hlutfall þeirra sem lent hafa í vanskilum með húsnæðislán eða leigu eða önnur lán er af öllum heimilum en ekki bara þeim sem eru með lán eða borga leigu. Mynd 3 sýnir að heimilin virðast eiga erfiðara með að ná endum saman og takast á við óvænt útgjöld (skýring 3) árið 2011 en árin á undan.


Árin 2010 og 2011 höfðu um það bil 10% heimila verið með húsnæðislán eða leigu í vanskilum einhverntíman á síðustu 12 mánuðum samanborið við rúm 7% árið 2009 og 5,5% árið 2008. Svarendur 31,6% heimila töldu húsnæðiskostnað þunga byrði árið 2011.

Ný spurning árið 2010 um byrði húsnæðiskostnaðar

Í samræmi við reglugerðir Eurostat var sett ný spurning í lífsskjarannsóknina árið 2010 sem mælir byrði húsnæðiskostnaðar. Í nýju spurningunni eru taldir upp allir liðir húsnæðiskostnaðar en engin slík upptalning var í eldri spurningu um húsnæðiskostnað. Árin 2010 og 2011 voru allir þátttakendur spurðir beggja spurninganna til þess að hægt væri að meta áhrifin af breyttri spurningu og svo auðveldara væri að glöggva sig á þróuninni. Niðurstaðan er sú að mikill munur er á svörum við spurningunum tveimur. Mun fleiri telja húsnæðiskostnað vera þunga byrði þegar allir þættir kostnaðarins eru taldir upp. Árið 2011 töldu 31,6% húsnæðiskostnað vera þunga byrði þegar allir þættir kostnaðarins voru taldir upp en 19,2% töldu húsnæðiskostnað vera þunga byrði án upptalningar. Nánar má lesa um orðalag spurninganna í skýringu 5.

Mynd 1. Þung byrði og vanskil húsnæðislána eða leigu

Figure 1. Heavy burden and arrears on mortgage or rent payment




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Vanskil húsnæðislána eða leigu $\pm 1,3$, húsnæðiskostnaður er þung byrði (eldri skilgreining) $\pm 1,6$ og húsnæðiskostnaður þung byrði $\pm 1,9$. CI (95%) 2011: Arrears on mortgage or rent payments $\pm 1,3$, housing cost is a heavy burden (old definition) $\pm 1,6$ and housing cost is a heavy burden $\pm 1,9$.

Byrði og vanskil annarra lána en húsnæðislána

Árið 2011 höfðu 12,4 íslenskra heimila verið með önnur lán en húsnæðislán eða leigu í vanskilum einhvern tíma á undanföllum 12 mánuðum. Árið 2010 var sambærileg tala 13,1% en 5,5% árið 2008. Hlutfall heimila sem töldu önnur lán þunga byrði var 15,2 árið 2011 en 19,1% árið áður.

Mynd 2. Þung byrði og vanskil annarra lána

Figure 2. Heavy burden and arrears on other loans




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Vanskil annarra lána $\pm 1,3$, önnur lán þung byrði $\pm 1,5$. CI (95%) 2011: Arrears on other loan payments ± 1.3 , other loans a heavy burden ± 1.5 .

Óvænt útgjöld

Tæplega 40% heimila áttu erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum árið 2011 en sambærileg tala var tæp 27% árið 2008. Svarendur á 51,5% heimila áttu erfitt með að ná endum saman árið 2011 en rúm 30% árið 2008.

Mynd 3. Svigrúm heimila til að standa undir útgjöldum

Figure 3. Flexibility of households to meet expenses



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum $\pm 2,0$, erfitt að ná endum saman $\pm 2,0$. CI (95%) 2011: Can not meet unexpected expenses ± 2.0 , difficult to make ends meet ± 2.0 .

Erfitt að ná endum saman

Spurningin um möguleika heimila á að ná endum saman er með 7 svarkostum (skýring 4): mjög erfitt, erfitt, nokkuð erfitt, nokkuð auðvelt, auðvelt og mjög auðvelt. Í töflu 3 má sjá greiningu þar sem þeir sem eiga *mjög erfitt* með að ná endum saman eru teknir sérstaklega út og bornir saman við aðra sem eiga *erfitt* með að ná endum saman og þá sem eiga *auðvelt* með að ná endum saman.

Tafla 3. Möguleikar heimila á að ná endum saman

Table 3. Ability of households to make ends meet

	Hlutfall Rate						Öryggisbil Estimated CI number	
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2011	2011
							±	
Mjög erfitt <i>With great difficulty</i>	5,8	5,6	5,9	8,2	13,7	13,3	± 1,5	16.100
Erfitt / nokkuð erfitt <i>With difficulty / some difficulty</i>	29,0	22,9	24,2	30,8	35,0	38,3	± 1,9	46.500
Auðvelt <i>Easy</i>	65,2	71,6	69,9	61,0	51,3	49,0	± 2,0	58.900

Þegar þau heimili sem eiga erfitt með að ná endum saman eru greind nánar kemur í ljós örlítið fækkun á milli árunna 2010 og 2011 hjá þeim heimilum sem eiga mjög erfitt með að ná endum saman. Á milli árunna 2008 og 2010 hafði þessum heimilum hins vegar fjölgað hratt.

Þegar ferlarnir á myndum 1 til 3 eru skoðaðir má sjá að fjárhagsleg staða heimilanna fór versnandi frá árinu 2008 til ársins 2011. Möguleg undantekning frá því er byrði og vanskil annarra lána en húsnæðislána en þar virðist staðan batna örlítið milli árunna 2010 og 2011.

Fjárhagsstaða heimilanna eftir heimilisgerð

Einstæðir foreldrar eru í mestum fjárhagslegum erfiðleikum

Þegar fjárhagsstaða heimilanna er greind eftir heimilisgerð kemur í ljós að einstæðir foreldrar eiga í mestum fjárhagslegum erfiðleikum eins og sjá má af töflu 5. Í þessum hópi voru 18,3% heimila í vanskilum með húsnæðislán eða leigu og 28% í vanskilum með önnur lán. Af heimilum einstæðra foreldra telja 45% húsnæðiskostnað vera þunga fjárhagslega byrði og 29,7% segja það sama um afborganir annarra lána en húsnæðislána eða leigu.

Mikill meirihluti einstæðra foreldra á erfitt með að ná endum saman eða 78,4%. Fjölgunin er mikil frá árinu 2009 en þá var hlutfallið 56,2%. Árið 2011 gat 67,5% einstæðra foreldra ekki mætt óvæntum útgjöldum að upphæð 160 þúsund krónur.

Konur sem búa einar eru ólíklegri en aðrir til að lenda í vanskilum

Konur sem búa einar eru ólíklegri en fólk á annars konar heimilum til að lenda í vanskilum með húsnæðislán eða önnur lán. Barnlaus heimili þar sem tveir eða fleiri fullorðnir einstaklingar búa standa þó best að vígi þegar á heildina er litið. Slík heimili hafa meira fjárhagslegt svigrúm en önnur en 28,2% þeirra gátu ekki brugðist við óvæntum útgjöldum og 38% áttu erfitt með að ná endum saman.

Fjárhagsstaða heimilanna eftir meðalaldri fullorðinna heimilismanna

Heimili þar sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga er 30–39 ár virðast eiga í mestum skuldavanda

Aldur er skilgreindur sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga á heimilinu (skýring 1). Eins og sjá má af töflu 6 standa heimili þar sem meðalaldur er hár mun betur að vígi en heimili þar sem meðalaldur er lágur þegar horft er til vanskila af húsnæðislánnum eða leigu og öðrum lánnum einhverntíman á síðustu 12 mánuðum. Árið 2011 voru heimili þar sem meðalaldur fullorðinna var 30–39 ára helst í vanskilum með húsnæðislán eða leigu en 14,1% þeirra sögðust hafa lent í vanskilum á undanförunum 12 mánuðum. Vanskil húsnæðislána eða leigu eru hverfandi á heimilum þar sem meðalaldur var 70 ára eða eldri.

Heimili eldra fólks eru í minni skuldavanda en heimili yngra fólks

Það sama er uppi á teningnum þegar litið er til annarra lána en húsnæðislána. Samband er milli aldurs og fjárhagsvanda. Heimili þar sem meðalaldur er 30–39 ára standa verst að vígi en 19,5% þeirra höfðu lent í vanskilum með önnur lán á undanförunum 12 mánuðum. Vandamál vegna skulda eru fátíð í elsta hópnunum.

Yngstu hóparnir eiga erfiðast með að mæta óvæntum útgjöldum og ná endum saman

Heimili þar sem meðalaldur er lægri en 30 ára eiga í mestum vandræðum með að mæta óvæntum útgjöldum, 58,8%, og þar á eftir kemur hópurinn 30–39 ára. Hópurinn 30–39 ára er sá sem á erfiðast með að ná endum saman en 59,4% heimila í þessum hópi átti erfitt með það.

Skýringar og hugtök

1. Börn og fullorðnir á heimili

Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.

2. Öryggisbil

Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og er lagt við töluna og dregið frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þess öryggisbils sem gefið er upp. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil beggja talna skarist.

3. Óvænt útgjöld

Viðmiðunarupphæð óvæntra útgjalda tekur mið af lágtekjumörkum einstaklings sem reiknuð eru úr lífskjararannsókn tveimur árum fyrir.

4. Breytur og flokkun þeirra

Í þessum hagtíðindum er beint sjónum að þeim hluta lífshjálparannsóknarinnar sem fjallar um fjárhagsstöðu heimilanna. Í rannsókninni er spurt um getu heimilisins til að ná endum saman fjárhagslega, að standa í skilum með afborganir lána og getu til að mæta óvæntum útgjöldum. Í heftinu eru fjallað um eftirfarandi breytur.

Vanskil vegna fjárskorts a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum á greiðslum húsnæðislána eða húsaleigu

1. Já
2. Nei

Vanskil vegna fjárskorts a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum á afborgunum annarra lána en húsnæðislána

1. Já
2. Nei

Hefur heimilið fjárráð til að mæta óvæntum útgjöldum að upphæð 160 þúsund krónum (upphæðin er breytileg milli ára en var 160 þúsund kr. í könnun 2011)

1. Já
2. Nei

Hvernig gengur heimilinu að ná endum saman

1. Mjög erfitt
2. Erfitt
3. Nokkuð erfitt
4. Nokkuð auðvelt
5. Auðvelt
6. Mjög auðvelt

Fjárhagsleg byrði heildar húsnæðiskostnaðar, taldir upp allir undirliðir

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

Fjárhagsleg byrði heildar húsnæðiskostnaðar, ekki talið upp

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

Fjárhagsleg byrði afborgana annarra lána en húsnæðislána

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

5. Ólíkar spurningar um heildarkostnað húsnæðis

Árið 2010 var sett inn ný spurning um heildarhúsnæðiskostnað í samræmi við reglugerðir Eurostat. Hugmyndin með nýju spurningunni var að telja upp þá þætti sem falla undir húsnæðiskostnaðinn til þess að allir svarendur skildu spurninguna á sama hátt og til þess að svarendur áttu sig á því hvað væri átt við með heildarhúsnæðiskostnaði. Eldri spurningin var almennt orðuð og hætta var á að svarendur túlkuðu hana á ólíkan hátt eða gleymdu að taka suma þætti húsnæðiskostnaðar með í reikninginn.

Eldri spurningin: Er kostnaður við rekstur húsnæðisins þung, nokkur eða engin fjárhagsleg byrði?

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

Nýja spurningin: Ef þú hugsar um heildarhúsnæðiskostnað, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. Hversu mikil byrði er þessi kostnaður þá ... þung, nokkur, engin?

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

English summary

In the Statistics Iceland SILC survey 2011, 10.2% of households said they were in arrears on mortgage or rent payments in the past 12 months and 12.4% of households were in arrears on other loans during the same period. 31.6% of households said that housing cost was a heavy burden and 15.2% said the same about payments of other loans. Over half of all households were struggling to make ends meet, 51,5%. Just below 40% of households could not meet unexpected expenses of 160,000 ISK with the usual household budget. Generally speaking household financial situation is somewhat worse in 2011 than it was in 2010. The exception being arrears and burden of loans other than housing loans which decreases between years.

When focusing on household composition it can be seen that single parents were most likely to be in financial difficulties in 2011. In this group, 18,3% of households had been in arrears on mortgage or rent payments during the last 12 months and 28% had been in arrears on loans other than mortgage during the same period. A large majority of single parents or 78.4% were struggling to make ends meet and 67.5% were not able to face unexpected expenses of 160 thousand ISK. Childless households with at least two adults seem to be in the best financial position.

When looking at the mean age of adults it can be seen that households with the mean age of 30–39 years had most financial difficulties. In 2011 14% of those households had been in arrears on mortgage or rent payments in the last 12 months before the survey and 39,5% found housing cost to be a heavy burden. Just below 20% had been in arrears with loans other than housing loans and 21.7% found the burden of such loans to be heavy. Households with the mean adult age of 30–39 found it most difficult to make ends meet. 59.4% of them found it difficult. Households with the mean age below 30 find it most difficult to face unexpected expenses of 160 thousand ISK or 58.8%. In general it can be said that the higher the mean age of adults the less likely the household is to face financial difficulties.

Tafla 4. Ólíkar spurningar sem mæla fjárhagsstöðu heimilanna
Table 4. Different questions that measure household finances

	Hlutfall <i>Rate</i>						Öryggisbil <i>CI</i> 2011	Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i> 2011
	2006	2007	2008	2009	2010	2011		
Vanskil húsnæðislána eða leigu <i>Arrears of mortgage or rent payments</i>	5,7	5,8	5,5	7,1	10,0	10,2	± 1,3	12.100
Húsnæðiskostnaður þung byrði (eldri skilgreing) <i>Housing cost is a heavy burden (older definition)</i>	9,9	9,6	11,8	15,0	16,4	19,2	± 1,6	23.100
Húsnæðiskostnaður er þung byrði <i>Housing cost is a heavy burden</i>	•	•	•	•	29,1	31,6	± 1,9	38.100
Vanskil annarra lána <i>Arrears of other loans</i>	5,8	8,4	5,5	10,3	13,1	12,4	± 1,3	15.200
Önnur lán þung byrði <i>Other loans a heavy burden</i>	7,6	11,5	10,3	15,5	19,1	15,2	± 1,5	18.400
Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum <i>Can not meet unexpected expenses</i>	31,9	29,8	26,9	29,8	35,6	39,7	± 2,0	48.000
Erfitt að ná endum saman <i>Difficult to make ends meet</i>	34,8	28,4	30,1	39,0	48,7	51,5	± 2,0	62.600

Tafla 5. Heimili í fjárhagsvanda eftir heimilisgerð
Table 5. Households in financial difficulties by household type

	Hlutfall <i>Rate</i>								Öryggis- bil	Áætlaður fjöldi <i>Estim.</i>
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2011	2011	
Vanskil húsnæðislána eða leigu										
<i>Arrears of mortgage or rent payments</i>										
Alls Total	8,0	5,7	5,8	5,5	7,1	10,0	10,2	± 1,3	12.100	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	5,6	3,8	4,9	5,0	5,5	7,1	8,3	± 1,6	5.900	
Einn á heimili <i>One person households</i>	7,2	4,8	7,4	7,8	6,8	8,0	10,3	± 2,9	3.700	
Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>	5,1	1,6	4,3	4,0	2,3	4,4	6,0	± 3,2	1.000	
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	9,3	7,6	10,0	11,0	11,0	11,4	14,3	± 4,6	2.700	
Fleiri en einn fullorðinn án barna <i>More than one adults without children</i>	4,1	2,9	2,6	2,3	4,1	6,1	6,2	± 1,5	2.200	
Heimili með börn <i>Households with children</i>	11,4	8,2	7,0	6,2	9,5	14,0	13,1	± 1,9	6.300	
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent with one or more dependent children</i>	12,0	15,6	12,1	10,1	18,1	22,0	18,3	± 6,3	1.700	
Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	8,7	6,8	4,2	4,2	7,5	11,2	9,5	± 3,2	1.100	
Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>	9,6	4,7	5,9	4,9	8,0	10,3	12,2	± 3,2	1.600	
Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>	16,7	8,5	9,0	9,1	8,0	16,8	13,8	± 4,3	1.200	
Fleiri en einn fullorðinn með börn <i>More than one adults with children</i>	11,3	6,7	6,0	5,4	7,8	12,1	11,8	± 1,8	4.500	
Húsnæðiskostnaður er þung byrði (eldri skilgreining)										
<i>Housing cost is a heavy burden (old definition)</i>										
Alls Total	11,6	9,9	9,6	11,8	15,0	16,4	19,2	± 1,6	23.100	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	11,2	9,8	8,5	11,2	13,0	12,8	16,9	± 2,2	12.300	
Einn á heimili <i>One person households</i>	14,4	11,1	10,6	14,2	15,5	15,6	19,7	± 3,6	7.300	
Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>	12,8	15,1	9,7	14,6	16,3	16,4	20,3	± 5,3	3.600	
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	16,1	7,5	11,2	13,9	14,9	14,9	19,2	± 5	3.800	
Fleiri en einn fullorðinn án barna <i>More than one adults without children</i>	8,1	8,6	6,6	8,3	10,3	9,6	14,0	± 2,2	5.000	
Heimili með börn <i>Households with children</i>	12,1	10,0	11,0	12,8	17,8	21,4	22,5	± 2,4	10.800	
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent with one or more dependent children</i>	25,5	19,5	19,2	27,2	30,5	33,8	31,1	± 7,5	3.000	
Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	7,4	7,6	9,8	10,9	14,1	15,4	15,6	± 3,9	1.800	
Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>	9,3	6,8	7,8	9,5	17,7	18,1	22,5	± 4,2	3.000	
Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>	11,4	10,5	9,7	11,9	15,6	22,6	24,4	± 5,3	2.100	
Fleiri en einn fullorðinn með börn <i>More than one adults with children</i>	9,4	8,1	9,5	10,1	15,2	18,4	20,4	± 2,3	7.800	

Tafla 5. Heimili í fjárhagsvanda eftir heimilisgerð (frh.)
 Table 5. Households in financial difficulties by household type (cont.)

	Hlutfall <i>Rate</i>								Öryggis- bil	Áætlaður fjöldi <i>Estim.</i>
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2011	2011	
Húsnæðiskostnaður er þung byrði										
<i>Housing cost is a heavy burden</i>										
Alls <i>Total</i>	•	•	•	•	•	29,1	31,6	± 1,9	38.100	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	•	•	•	•	•	23,0	27,0	± 2,5	19.500	
Einn á heimili <i>One person households</i>	•	•	•	•	•	26,8	29,9	± 4,2	10.900	
Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>	•	•	•	•	•	31,6	33,1	± 6,2	5.700	
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	•	•	•	•	•	22,2	27,1	± 5,7	5.300	
Fleiri en einn fullorðinn án barna <i>More than one adults without children</i>	•	•	•	•	•	18,8	24,0	± 2,7	8.500	
Heimili með börn <i>Households with children</i>	•	•	•	•	•	37,7	38,5	± 2,7	18.500	
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent with one or more dependent children</i>	•	•	•	•	•	47,3	45,0	± 7,9	4.300	
Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	•	•	•	•	•	32,9	32,2	± 5	3.800	
Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>	•	•	•	•	•	32,8	39,8	± 4,8	5.300	
Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>	•	•	•	•	•	43,6	40,3	± 5,9	3.400	
Fleiri en einn fullorðinn með börn <i>More than one adults with children</i>	•	•	•	•	•	35,3	37,0	± 2,7	14.300	
Vanskil annarra lána										
<i>Arrears of other loans</i>										
Alls <i>Total</i>	7,9	5,8	8,4	5,5	10,3	13,1	12,4	± 1,3	15.200	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	5,9	3,5	5,7	4,5	9,0	9,2	8,7	± 1,7	6.500	
Einn á heimili <i>One person households</i>	6,4	3,8	6,7	5,5	10,9	11,0	10,9	± 2,9	4.200	
Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>	3,1	1,7	5,7	2,6	7,1	8,6	5,8	± 3,1	1.000	
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	9,7	5,7	7,6	7,9	14,2	13,2	15,6	± 4,7	3.100	
Fleiri en einn fullorðinn án barna <i>More than one adults without children</i>	5,4	3,2	4,7	3,6	7,0	7,3	6,4	± 1,6	2.300	
Heimili með börn <i>Households with children</i>	10,6	9,0	12,2	7,1	12,4	18,6	18,0	± 2,2	8.800	
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent with one or more dependent children</i>	9,7	12,4	14,9	10,4	17,7	26,4	28,0	± 7,1	2.700	
Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	7,6	7,3	11,3	8,0	9,0	15,8	12,1	± 3,5	1.400	
Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>	8,5	6,2	10,5	4,0	13,6	14,0	14,1	± 3,4	1.900	
Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>	18,3	12,8	16,5	7,0	11,9	22,1	21,5	± 5,1	1.900	
Fleiri en einn fullorðinn með börn <i>More than one adults with children</i>	10,8	8,3	11,7	6,4	11,3	16,7	15,5	± 2,1	6.100	
Önnur lán eru þung byrði										
<i>Other loans are a heavy burden</i>										
Alls <i>Total</i>	9,7	7,6	11,5	10,3	15,5	19,1	15,2	± 1,5	18.400	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	8,0	5,3	9,4	8,4	12,5	14,8	11,4	± 1,8	8.300	
Einn á heimili <i>One person households</i>	8,7	4,6	11,4	10,9	13,8	16,9	13,4	± 3,1	5.000	
Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>	7,6	6,0	9,2	6,7	9,1	16,4	11,0	± 4,1	2.000	
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	9,9	3,4	13,4	14,4	18,0	17,3	15,5	± 4,6	3.100	

Tafla 5. Heimili í fjárhagsvanda eftir heimilisgerð (frh.)
Table 5. Households in financial difficulties by household type (cont.)

	Hlutfall Rate								Öryggis- bil CI	Áætlaður fjöldi Estim. number
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2011	2011	
Fleiri en einn fullorðinn án barna <i>More than one adults without children</i>	7,2	5,9	7,5	6,1	11,2	12,6	9,3	± 1,9	3.300	
Heimili með börn <i>Households with children</i>	12,3	10,7	14,3	13,0	19,9	25,3	21,0	± 2,3	10.100	
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent with one or more dependent children</i>	23,0	18,6	26,4	22,0	26,9	34,0	29,7	± 7,3	2.800	
Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	8,8	7,3	11,6	11,6	16,5	19,4	12,8	± 3,6	1.500	
Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>	10,3	9,3	10,8	11,5	20,5	21,6	21,2	± 4,1	2.800	
Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>	12,9	11,1	15,6	11,8	18,5	28,9	23,9	± 5,2	2.000	
Fleiri en einn fullorðinn með börn <i>More than one adults with children</i>	10,1	9,1	12,1	11,3	18,4	23,1	18,9	± 2,2	7.200	
Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum										
Can not meet unexpected expenses										
Alls Total	38,0	31,9	29,8	26,9	29,8	35,6	39,7	± 2,0	48.000	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	37,4	30,7	30,6	26,7	29,6	34,3	38,9	± 2,8	28.200	
Einn á heimili <i>One person households</i>	47,6	39,3	37,7	35,3	37,2	46,8	49,0	± 4,6	18.200	
Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>	50,6	45,7	45,0	42,9	42,4	52,0	53,7	± 6,5	9.500	
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	44,6	33,7	31,5	28,8	32,6	41,9	44,8	± 6,4	8.800	
Fleiri en einn fullorðinn án barna <i>More than one adults without children</i>	27,7	22,8	24,3	18,6	21,6	20,7	28,2	± 2,9	10.000	
Heimili með börn <i>Households with children</i>	38,8	33,5	28,6	27,3	29,9	37,4	41,1	± 2,8	19.800	
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent with one or more dependent children</i>	71,3	65,6	48,3	58,6	59,3	63,7	67,5	± 7,3	6.400	
Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	28,9	24,6	29,0	19,7	24,0	31,8	36,5	± 5,3	4.300	
Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>	30,4	27,9	21,8	20,7	24,8	29,2	34,6	± 4,7	4.600	
Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>	38,3	28,8	24,4	28,0	22,2	32,7	34,5	± 5,8	2.900	
Fleiri en einn fullorðinn með börn <i>More than one adults with children</i>	32,0	26,8	25,0	21,4	23,9	30,9	34,4	± 2,7	13.300	
Erfitt að ná endum saman										
Difficult to make ends meet										
Alls Total	36,8	34,8	28,4	30,1	39,0	48,7	51,5	± 2,0	62.600	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	35,1	32,8	27,9	27,5	35,3	42,5	45,9	± 2,8	33.400	
Einn á heimili <i>One person households</i>	41,0	37,9	33,5	33,8	38,9	50,2	53,4	± 4,6	19.900	
Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>	44,8	45,8	36,4	34,6	38,9	53,1	50,4	± 6,6	8.900	
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	37,3	30,7	31,1	33,2	38,8	47,4	56,1	± 6,3	11.000	
Fleiri en einn fullorðinn án barna <i>More than one adults without children</i>	29,4	28,2	22,8	21,4	31,6	34,0	38,0	± 3,1	13.500	
Heimili með börn <i>Households with children</i>	39,4	37,4	29,2	34,1	44,6	57,5	60,1	± 2,7	29.200	
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent with one or more dependent children</i>	62,6	60,7	57,6	58,0	56,2	76,2	78,4	± 6,3	7.600	
Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	28,2	28,0	24,2	26,5	38,5	47,1	50,7	± 5,4	6.000	
Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>	34,1	33,3	23,4	31,2	45,3	51,1	58,7	± 4,8	7.800	
Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>	43,0	39,2	27,3	36,0	45,0	65,6	60,6	± 5,9	5.200	
Fleiri en einn fullorðinn með börn <i>More than one adults with children</i>	34,7	32,6	23,8	29,6	42,2	52,9	55,5	± 2,8	21.600	

Skýringar Notes: Til barna á heimili heyra allir þeir sem eru undir 18 ára að aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn. *Children are defined as all those who are under 18 and those who are 18–24 years old, not working and living with at least one parent. Adults are those who do not fall under the definition of children.*

Tafla 6. Heimili í fjárhagsvanda eftir aldri
Table 6. Households in financial difficulties by age

	Hlutfall <i>Rate</i>								Ör- yggis- bil <i>CI</i>	Áætl. fjöldi <i>Esti- mated number</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011		
Vanskil húsnæðislána eða leigu										
<i>Arrears of mortgage or rent payments</i>										
Alls Total	9,4	8,0	5,7	5,8	5,5	7,1	10,0	10,2	± 1,3	12.100
Yngri en 30 ára <i>Less than 30 years</i>	9,9	8,1	6,2	6,3	10,1	8,5	8,5	12,7	± 4,2	2.000
30–39 ára <i>years</i>	14,5	12,2	9,8	9,6	7,1	9,9	16,7	14,1	± 2,9	4.100
40–49 ára <i>years</i>	13,5	10,7	7,1	6,9	6,7	9,1	13,1	12,3	± 2,7	2.900
50–59 ára <i>years</i>	5,3	5,8	3,6	5,6	3,5	7,9	10,3	12,7	± 3,6	2.400
60–69 ára <i>years</i>	3,7	4,3	1,5	1,4	1,7	2,2	3,1	4,0	± 2,3	600
70 ára og eldri <i>70 years and older</i>	0,0	0,0	0,5	0,0	0,2	0,2	0,5	0,7	± 1,0	100
Húsnæðiskostnaður er þung byrði (eldri skilgreining)										
<i>Housing cost is a heavy burden (old definition)</i>										
Alls Total	12,4	11,6	9,9	9,6	11,8	15,0	16,4	19,2	± 1,6	23.100
Yngri en 30 ára <i>Less than 30 years</i>	16,0	16,0	10,6	13,4	12,1	18,5	18,6	18,2	± 4,6	3.100
30–39 ára <i>years</i>	14,2	12,2	7,7	10,3	15,5	20,4	22,5	25,6	± 3,7	7.400
40–49 ára <i>years</i>	13,3	12,9	12,3	10,0	11,3	15,7	18,1	19,9	± 3,3	4.800
50–59 ára <i>years</i>	4,5	6,1	9,0	6,9	10,9	10,0	11,9	19,5	± 4,1	3.600
60–69 ára <i>years</i>	10,9	7,8	9,2	6,7	9,6	8,7	9,8	14,4	± 3,9	2.100
70 ára og eldri <i>70 years and older</i>	11,8	11,6	11,1	8,5	7,9	10,2	11,3	11,7	± 3,8	2.000
Húsnæðiskostnaður er þung byrði										
<i>Housing cost is a heavy burden</i>										
Alls Total	•	•	•	•	•	•	29,1	31,6	± 1,9	38.100
Yngri en 30 ára <i>Less than 30 years</i>	•	•	•	•	•	•	26,8	27,1	± 5,3	4.600
30–39 ára <i>years</i>	•	•	•	•	•	•	38,9	39,5	± 4,0	11.500
40–49 ára <i>years</i>	•	•	•	•	•	•	34,3	37,0	± 3,9	9.000
50–59 ára <i>years</i>	•	•	•	•	•	•	24,7	33,7	± 4,7	6.300
60–69 ára <i>years</i>	•	•	•	•	•	•	18,7	23,3	± 4,8	3.400
70 ára og eldri <i>70 years and older</i>	•	•	•	•	•	•	20,5	19,3	± 4,7	3.200
Vanskil annarra lána										
<i>Arrears of other loans</i>										
Alls Total	10,7	7,9	5,8	8,4	5,5	10,3	13,1	12,4	± 1,3	15.200
Yngri en 30 ára <i>Less than 30 years</i>	13,9	11,1	7,2	12,2	10,3	13,4	17,5	18,6	± 4,7	3.200
30–39 ára <i>years</i>	16,0	11,7	9,9	13,9	7,4	15,9	19,8	19,5	± 3,2	5.700
40–49 ára <i>years</i>	13,2	9,5	7,1	9,1	6,0	11,1	16,6	14,3	± 2,9	3.600
50–59 ára <i>years</i>	7,0	4,2	3,6	6,5	3,7	9,6	11,8	10,6	± 3,2	2.000
60–69 ára <i>years</i>	4,6	3,2	1,6	1,7	1,9	4,5	4,2	4,5	± 2,5	700
70 ára og eldri <i>70 years and older</i>	0,2	0,6	0,2	0,0	0,2	0,7	0,5	0,0	± 0,0	0

Tafla 6. Heimili í fjárhagsvanda eftir aldri (frh.)
Table 6. Households in financial difficulties by age (cont.)

	Hlutfall <i>Rate</i>								Ör- yggis- bil <i>CI</i>	Áætl. fjöldi <i>Esti- mated number</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011		
Önnur lán eru þung byrði										
<i>Other loans are a heavy burden</i>										
Alls <i>Total</i>	9,7	9,7	7,6	11,5	10,3	15,5	19,1	15,2	± 1,5	18.400
Yngri en 30 ára <i>Less than 30 years</i>	16,2	13,3	9,9	16,9	14,0	15,9	18,4	15,7	± 4,3	2.700
30–39 ára <i>years</i>	8,9	13,5	9,8	16,1	15,8	24,0	28,5	21,7	± 3,4	6.300
40–49 ára <i>years</i>	9,3	10,6	10,2	13,4	11,0	19,0	23,9	18,0	± 3,1	4.400
50–59 ára <i>years</i>	11,3	7,8	6,3	8,5	6,6	13,5	20,8	17,2	± 3,9	3.200
60–69 ára <i>years</i>	7,6	6,0	3,4	6,2	6,1	9,3	10,0	10,5	± 3,6	1.500
70 ára og eldri <i>70 years and older</i>	4,4	1,1	1,3	1,0	1,5	1,4	2,1	1,3	± 1,2	200
Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum										
<i>Can not meet unexpected expenses</i>										
Alls <i>Total</i>	36,1	38,0	31,9	29,8	26,9	29,8	35,6	39,7	± 2,0	48.000
Yngri en 30 ára <i>Less than 30 years</i>	41,5	53,4	46,9	45,4	45,7	45,1	52,8	58,8	± 5,8	10.200
30–39 ára <i>years</i>	34,4	40,1	35,6	29,8	27,6	34,2	42,1	43,5	± 4,1	12.600
40–49 ára <i>years</i>	38,1	36,9	30,1	25,9	22,1	25,9	31,6	37,7	± 4,0	9.200
50–59 ára <i>years</i>	27,7	24,6	23,0	21,3	20,6	19,4	31,0	37,2	± 4,9	7.000
60–69 ára <i>years</i>	38,8	35,8	25,6	21,5	18,1	22,5	25,6	31,1	± 5,4	4.500
70 ára og eldri <i>70 years and older</i>	35,5	32,0	25,3	33,0	25,3	26,1	25,8	26,7	± 5,5	4.400
Erfitt að ná endum saman										
<i>Difficult to make ends meet</i>										
Alls <i>Total</i>	46,2	36,8	34,8	28,4	30,1	39,0	48,7	51,5	± 2,0	62.600
Yngri en 30 ára <i>Less than 30 years</i>	55,7	43,5	38,0	38,6	37,0	46,5	52,9	56,3	± 5,8	9.800
30–39 ára <i>years</i>	47,3	39,3	38,1	27,7	35,7	48,8	59,7	59,4	± 4,0	17.500
40–49 ára <i>years</i>	52,4	37,5	35,5	27,2	30,4	41,5	54,4	57,4	± 3,9	14.100
50–59 ára <i>years</i>	35,3	30,2	25,3	22,6	28,3	34,9	47,3	50,0	± 4,9	9.400
60–69 ára <i>years</i>	39,7	32,2	33,4	27,8	19,9	27,3	35,6	41,4	± 5,5	6.000
70 ára og eldri <i>70 years and older</i>	38,0	32,8	35,7	26,8	20,6	21,5	28,2	34,9	± 5,8	5.900

Skýringar *Notes:* Aldur er skilgreindur sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga á heimilinu. Til barna á heimili heyra allir þeir sem eru undir 18 ára að aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn. *Age is defined as the mean age of adults in the household. Children are defined as all those who are under 18 and those who are 18–24 years old, not working and living with at least one parent. Adults are those who do not fall under the definition of children.*

Hagtidindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
Statistical Series ***Wages, income and labour market***

96. árg. • 57. tbl.

2011:10

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series